



ísl 2005





Útgefandi: Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar 2005 Strandgötu 31 220 Hafnarfjörður sími: 555-5800  
Bréfasími: 585-5809 Netfang: skolaskr@hafnarfjordur.is  
Ljósmyndir: Börn í leikskólanum Álfasteini






Arnarberg	Haukahrauni 2	5553493	arnarberg@hafnarfjordur.is
Álfaberg	Álfaskeiði 16	5553021	alfaberg@hafnarfjordur.is
Álfasteinn	Háholti 17	5556155	alfasteinn@hafnarfjordur.is
Hjalli	Hjallabraut 55	5653060	hjalli@hjalli.is
Hlíðarberg	Hlíðarbergi 1	5650556	hlidarberg@hafnarfjordur.is
Hlíðarendi	Úthlíð 1	5551440	hlidarendi@hafnarfjordur.is
Hvammur	Staðarhvammi 23	5650499	hvammur@hafnarfjordur.is
Hörðuvellir	Tjarnarbraut 30	5550721	horduvellir@hafnarfjordur.is
Kató	Hlíðarbraut 10	5550198	kato@hafnarfjordur.is
Norðurberg	Norðurvangi 15b	5553484	nordurberg@hafnarfjordur.is
Smáralundur	Smárabarði 1	5654493	smaralundur@hafnarfjordur.is
Stekkjarás	Ásbraut 4	5175920	stekkjaras@hafnarfjordur.is
Tjarnarás	Kríuási 2	5659710	tjarnaras@hafnarfjordur.is
Vesturkot	Miklaholti 1	5650220	vesturkot@hafnarfjordur.is
Víðivellir	Miðvangi 39	5552004	vidivellir@hafnarfjordur.is



# VELKOMIN Í LEIKSKÓLA



## Ágæti viðtakandi !

**Tilgangur bæklingins er að veita foreldrum upplýsingar um leikskóla og leikskólastarf í Hafnarfirði.**

## Að byrja í leikskóla

Þegar barn byrjar í leikskóla þarf að gefa því góðan tíma til að aðlagast leikskólanum. Aðlögun barns er í samráði við foreldra og dvelja þeir með barninu fyrstu dagana í leikskólanum en þá eru stóðir lagðar að öryggi barns og samstarfi heimilis og skóla. Á aðlögunartíma fá foreldrarir tækifæri til að kynna skólanum og starfsháttum hans. Vinsamlega hafið samband við leikskólastjóra varðandi aðlögun barns í leikskóla.

Leikskólastarf byggir á lögum og reglugerðum um leikskóla, aðalnámskrá, skólastefnu Hafnarfjarðar og öðrum samþykktum sveitarfélagsins. Leikskólinn er fyrsta skólastigið en menntamálaráðuneytið mótar uppeldis- og menntunarhlutverk hans.

Í aðalnámskrá koma m.a. fram helstu námssvið leikskóla sem eru: málrækt, hreyfing, myndsköpun, tónlist, menning og samfélag, náttúra og umhverfi.

Með útgáfu námskrárinnar er umhyggjan fyrir velferð barnsins höfð að leiðarljósi og stefnt að eðlilegri samfellu og stíganda á námsleið þess.

## Markmið leikskóla eru meðal annars:

- að búa börnum hollt uppeldisumhverfi og örugg leikskilyrði og gefa þeim kost á að taka þátt í leik og starfi og njóta fjölbreyttra uppeldiskosta barnahópsins.
- að kappkosta í samvinnu við heimilin að efla alhliða þroska barna í samræmi við eðli og þarfir hvers og eins og leitast við að hlúa að þeim andlega og líkamlega svo þau geti notið barnsku sinnar.
- að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra.
- að leggja grundvöll að því að þau verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífældri þróun.

## Starfsfólk leikskóla

Leikskólastjóri er yfirmaður leikskóla og ber fag- og rekstrarlega ábyrgð á uppeldisstarfinu og sér til þess að starfsemin fari fram í samræmi við lög og reglugerðir.

Aðstoðarleikskólastjóri vinnur ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins. Hann er staðgengill leikskólastjóra.

Leikskólakennari með deildarstjórn ber ábyrgð á uppeldis- og menntastarfinu og barnahópnum á hverri deild. Leikskólakennarar og annað starfsfólk vinna að uppeldis- og menntastarfi.

## Leikur og leikskólastarf

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og er því hafður í hávegum í daglegu starfi. Dagskipulagið gerir ráð fyrir því að frjáls og sjálfsprottinn leikur fái góðan tíma. Daglegt líf markast mjög af venjubundnum athöfnum sem lúta að líkamlegum þörfum barnanna og heilsu svo sem að borða, hvíla sig og sofa á ákveðnum tímum. Faglega unnið skipulag í leikskólanum gefur leikskólastarfinu ákveðna festu, veitir hverju barni öryggi og tryggir hæfilegan og samfelldan tíma til leikja, skapandi starfs og annarra námssviða.

## Foreldrastarf

Forsenda fyrir árangursríkri dvöl barns í leikskóla er gott samstarf við foreldra. Samstarfið hefst þegar barnið byrjar í leikskólanum en þá gefa foreldrar upplýsingar um hagi barnsins og fræðast jafnframt um uppeldis- og menntastarf leikskólans. Í skólastefnu bæjarins kemur fram að öllum starfsmönnum skóla, ásamt foreldrum ber að leggja sitt af mörkum til þess að greiða fyrir sjálfsgöðum og jákvæðum samskiptum heimila og skóla. Foreldrafélög eru starfandi við alla leikskóla bæjarins.

## Leikskólagjöld

Dvalargjöld eru innheimt með greiðsluseðli og eru greidd fyrirfram. Gjaldlagi er 1. dag mánaðar og eindagi er 15. hvers mánaðar. Hægt er að sækja um breytingar á dvalarsamningi hjá leikskólastjóra á þar til gerðu eyðublaði. Greitt er fyrir skólavistina þó barn sé fjarverandi.

**Fræðsluráð fer með málefni leikskóla og markar stefnu í uppbyggingu og rekstri þeirra í umboði bæjarstjórnar. Fulltrúar foreldra og starfsmanna leikskóla sitja sem áheyrnarfulltrúar í ráðinu.**

**Yfirstjórn leikskólamálefna hjá Hafnarfjarðarbæ er í höndum Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar sem er til húsa að Strandgötu 31 og er afgreiðsla á 3. hæð. Fræðslustjóri er Magnús Baldursson, magnusb@hafnarfjordur.is sem jafnframt er sviðsstjóri fræðslusviðs Hafnarfjarðarbæjar.**

Á Skólaskrifstofunni er m.a. eftirfarandi þjónusta fyrir foreldra leikskólabarna:

Almennar upplýsingar um leikskóla í Hafnarfirði.

Innritun leikskólabarna.

Umsóknir um flutning barna milli leikskólahverfa.

Móttaka erinda, sem tengjast leikskólum og eru ætluð fræðsluráði Hafnarfjarðar eða fræðslustjóra.

A B C



## Skipulagsdagar

Leikskólarnir eru lokaðir þrjá daga á ári vegna skipulagningar á uppeldis- og menntastarfi hans og endurmenntunar starfsfólks. Þessir dagar dragast ekki frá leikskólagjaldi.

## Skráning og innritun

Hafnarfjarðarbær leggur áherslu á að öll börn tveggja ára og eldri fái tækifæri til leikskóladvalar. Leikskóladvöl er úthlutað að jafnaði eftir aldri þannig að eldri börn ganga fyrir þeim yngri. Forráðamenn barna geta lagt inn umsókn í leikskóla í Hafnarfirði í þjónustuveri bæjarins að Strandgötu 6 og á Skólaskrifstofu að Strandgötu 31. Ennfremur er hægt að sækja um rafrænt á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

## Einkunnarorð leikskólanna

ÁLFABERG	Einfaldleiki, hollusta og hreyfing.
ARNARBERG	Reynsla, sjálfstæði, virðing og gleði.
ÁLFASTEINN	Skapandi hugsun, ábyrgð, gleði, virðing.
HJALLI	Sjálfstæði, frumkvæði, kraftur.
HLÍÐARBERG	Hreyfing, sköpun, vellíðan.
HLÍÐARENDI	Að njóta þess að vera og að gera.
HVAMMUR	Jákvæð samskipti, jafnrétti, vináttu.
HÖRÐUVELLIR	Samskipti, leikurinn, áhersla á einstaklinginn.
KATÓ	Einfaldleiki, samvinna, virðing.
NORÐURBERG	Allt er vænt sem vel er grænt.
SMÁRALUNDUR	Gleði, virðing og vináttu.
STEEKJARÁS	Hugmyndir barnsins, verkefni dagsins.
TJARNARÁS	Dygðir, fjölmening, að gera sitt besta.
VESTURKOT	Með gleði í hjarta.
VÍÐIVELLIR	Einstaklingsmiðað nám í hvetjandi umhverfi ég vil, ég skal, ég get.

